

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Rangárflatir 4, 4b og 6, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 11. júní 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Rangárflatir á Hellu. Meginbreytingar eru þær að skilgreind verður lóð undir spennistöð og reitur undir hleðslu rafbíla. Áform eru um frekari uppbyggingu að vestanverðu með stökum gistiskálum ofan við hótelið ásamt áframhaldandi uppbyggingu gistiþjónustu á lóð 6. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 15. júlí 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 30. júlí 2025